



Nauthólsvegur


Tillaga að nýju deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi Nauthólsvegar vegna legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar. Tillagan er hluti af 1. áfanga Borgarlínu og nær yfir svæði afmarkað af skipulags- og lóðarmörkum í nágrenni Menntasveigs og Hótel Reykjavík Natura. Gert er ráð fyrir nýjum Borgarlínubrautum og einni nýrri stöð við Öskjuhlíð. Bætt verður við hjóla- og göngustígum, auk grænna svæða og lausna fyrir regnvatn. Bílaakreinar verða að mestu einbreiðar, samkvæmt uppdr. Yrki, dags. 23. september 2024, br. 18. júní 2025.

Tillagan var auglýst frá 19. desember 2024 til 20. febrúar 2025 og bárust 14 umsagnir og ábendingar frá stofnunum, fyrirtækjum og almenningi á þeim tíma.

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. júní 2025.






Eftirtaldir aðilar sendu inn umsögn:

Nr.	Umsagnaraðili / stofnun	Dagsetning
1	Skipulagsstofnun	19. desember 2024
2	Heilbrigðiseftirlit	31. janúar 2025
3	Reitir fasteignafélag	3. febrúar 2025
4	Florian Stascheck	12. febrúar 2025
5	Karen Rós Róbertsdóttir	12. febrúar 2025
6	Náttúruverndarstofnun	17. febrúar 2025
7	Isavia	19. febrúar 2025
8	Háskóli í Reykjavík og Grunnstoðir	20. febrúar 2025
9	Isavia ANS	20. febrúar 2025
10	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	20. febrúar 2025
11	Vegagerðin	20. febrúar 2025
12	Íbúarráð Hlíðarhverfis	20. febrúar 2025
13	Landssamtök hjólríðamanna	20. febrúar 2025
14	Minjastofnun Íslands	20. febrúar 2025




Reykjavík



© 2006 The Authors
Journal compilation © 2006 Blackwell Publishing Ltd

- **Skipulagsmörk:** Gæta að samræmingu skipulags- og lóðarmarka við Reykjavíkurlugvöll.
- **Götur og flæði:** Breyta staðsetningu Fálkahlíðar í samræmi við lóðarmörk flugvallarins. Ábendingar um að bæta flæði.
- **Gönguþveranir:** Ábending um gönguþveranir.
- **Borgarlínustöðvar:** Tillögur um viðbótar stöðvar og að tryggja að Borgarlínubrautir séu opnar fyrir neyðarbíla.
- **Fornleifaskráning:** Kröfur um varðveislu fornleifa.



Helstu uppfærslur

- 1** Skipulagsmörk hafa verið uppfærð eftir auglýsingu, ný gata, Fálkahlíð til suðurs, hefur verið stytt en fyrirhuguð gatnamót haldast áfram inni.
Nýjum kafla í greinagerð hefur verið bætt við – kafla 3.3.1 - Takmarkanir vegna Reykjavíkurflugvallar.
- 2** Þveranir gangandi og hjólandi á nokkrum stöðum gerð skýrari á uppdrætti.
- 3** Umfjöllun í greinargerð um fornleifaskráningu hefur verið uppfærð og bætt við nr. minja og fornleifa á uppdráttinn. Friðhelgi fornleifa var þó ekki bætt við inn á skipulagsuppdrátt eins og beðið var um en í greinargerð var bætt við skýringarmyndum.
 - Aðkoma neyðarbíla hefur verið gerð nánari skil í greinargerð.
- 4** Breytt útlit / framsetning á uppdrætti. Borgarlínubraut og hjólastígar halda ekki áfram yfir gatnamót sem gerir þau skýrari á uppdrættinum.

Að öðru leiti er skipulagið óbreytt.



Reykjavík



Yfirferð athugasemda og svör við þeim

1. Skipulagsstofnun

	Ábendingar:	Svör
a	Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi málsins.	Ekki þörf á viðbrögðum





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

2. Heilbrigðiseftirlit

	Ábendingar:	Svör
a	Engin ábending	Ekki þörf á viðbrögðum





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

3. Reitir fasteignafélag

	Ábendingar:	Svör
a	Skipulagsmörk og lóðarmörk Reykjavíkur-flugvallar passa ekki saman. Staðsetning Fálkahlíðar í skipulaginu ætti að fylgja samþykktum lóðarmörkum flugvallarins. Færsla Fálkahlíðar til vesturs myndi bæta nýtingu lóðar við Nauthólsveg 50-52 og bæta flæði og umferðaröryggi svæðisins.	Skipulagssvæðið hefur verið minnkað þannig að eingöngu verða sýnd gatnamót Fálkahlíðar og Hlíðarfótar. Mörk Fálkahlíðar við flugvallarsvæði verða því skoðuð samhliða annarri skipulagsvinnu. 



Yfirferð athugasemda og svör við þeim

4. Florian Stascheck

	Ábendingar:	Svör
a	Tryggja tengingu fyrir gangandi og hjólandi við Fálkahlíð Sérstaklega þarf að tryggja góða tengingu hjólastíga við breytingu úr "einstefnu stígur báðum megin" meðfram Fálkahlíð yfir í "einn stígur fyrir báðar áttir" meðfram Hlíðarfóti.	Hefur eftirfarandi verið lagfært á uppdrætti og verður einnig nánar útfært í verkhönnun.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

5. Karen Rós Róbertsdóttir

	Ábendingar:	Svör
a	Umferðarteppur á svæðinu – þarf að gera eitthvað til að bæta umferðina.	Tilgangur skipulagsins er á léttu umferð með því að skilgreina pláss fyrir Borgarlínu og að bæta hjóla og göngustíga á svæðinu.
b	Besta lausnin væri að bæta við aukareinum á brúna yfir Fossvog.	Brúin er fyrir utan þetta skipulagssvæði - það skipulag er lögfest og brúin fullhönnuð og í framkvæmdafasa
c	Mælt með breytilegri akrein sem skiptir um stefnu eftir tíma dags.	Þegar horft er öryggis með tilliti til umferðar er það ekki talið forsvaranlegt, í staðinn er markmiðið að draga úr umferð.
d	Nauðsynlegt að framlengja beygjuakreinar á: - Flugvallarvegi við Bústaðaveg - Bústaðavegi við Kringlumýrarbraut	Þessi athugasemd varða atriði utan skipulagsmarka og tengist því ekki þeirri tillögu sem fjallað er hér um.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

6. Náttúruverndarstofnun

	Ábendingar:	Svör
a	Styður verkefnið en minnir á að Öskjuhlíð er á náttúruminjaskrá vegna verndargildis og útivistargildis.	Ekki þörf á viðbrögðum.
b	Stöðin liggur við göngustíga að Öskjuhlíð og Nauthólsvík, gæti orðið vinsæl meðal almennings.	Ekki þörf á viðbrögðum.






Yfirferð athugasemda og svör við þeim

7. Isavia

	Ábendingar:	Svör
a	Hæðarmunur lands – þarf að vera hluti af kostnaði við Borgarlínu.	Meðfram bílastæðasvæði Flugstjórnar-miðstöðvarinnar mun þurfa að setja upp stoðvegg vegna hæðarmunar og það verður hluti af Borgarlínuframkvæmdinni og kostnaði við hana.
b	Notkun LED-ljósa nærri flugbrautum - Hámarks hæð staura ekki yfir 3m. - Ljós mega ekki vísa upp (trufla flugumferð). - Tryggja að LED-ljós valdi ekki truflunum á flugbúnaði. Hámarkshæðir gróðurs – setja inn ákvæði um að enginn trjágróður verði settur við flugbraut. Stærðir stöðvarpalls – bæta við hæð bygginga/mannvirkja í greinargerð. Á bls. 22 í greinargerð eru stærðir stöðvarpalls skilgreindar. Rétt væri að mati Isavia að hæðir bygginga/mannvirkja, auglýsingaskilta og annars væri tiltekin líka. Í greinargerð eru bara lengd og breidd.	Hefur verið bætt við skilmála í greinargerð – Nýr kafli 3.3.1 Takmarkanir vegna Reykjavíkflugvallar. <i>Vegna nálægðar Nauthólsvegur við Reykjavíkflugvöll og flugbrautarenda 31 (NV-SA flugbraut) gilda eftirfarandi takmarkanir:</i> - Hámarkshæð gróðurs, ljósa staura og hverskyns staura eða mannvirkja næst flugvellinum, verði ekki hærrí en 3 m. - Enginn trjágróður er leyfður á mótis við flugbrautarenda í 75 m á hvora átt út frá framlengdri miðlínu brautar. - LED-ljós og hvers konar lýsing nærri flugbrautum má ekki vísa upp á við svo tryggt sé að ljós valdi ekki truflunum á flugumferð. - Ljósa- og tækjabúnaður má ekki trufla aðflugsbúnað eða annan búnað á flugvellinum með bylgjum, sem kunna að koma t.d. frá LED-ljósum.

c	Sneiðing A-A á teikningu 2/3 er sýnd á teikningu milli Reykjavíkflugvallar og Nauthólsvegur 89. Á grunnmynd er sniðið sýnt á mótis við Nauthólsveg 83.	Hefur verið leiðrétt 
d	Breyting á innkeyrslu að flugvellinum – ekki nægilega útfærð í skipulagi.	Almennt er við hönnun Borgarlínu stefnt að því að fækka innkeyrslum til að fækka aksturstleiðum yfir hjóla og göngustíga og sér í lagi fækka vinstribeygjum, svo að Borgarlínuakreinar séu ekki þveraðar. Ekki er gerð tillaga að nýrri innkeyrslu inn á lóðina, heldur er syðri innkeyrslan á sama stað en sú nyrðir er lögð af. Lítilsháttar hliðrun er svo á innkeyrslu að lóðinni Nauthólsvegur 50-52.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

7. Isavia

	Ábendingar:	Svör
e	Tryggja snjómokstur – koma í veg fyrir að snjór safnist upp við girðingu Reykjavíkflugvallar, sem gæti valdið skemmdum og öryggisvandamálum.	Gert er ráð fyrir að götusnið breikki á þessum stað og girðing verður færð að hluta austan við Nauthólsveg 66. Aðlögun verður unnin í samráði við ISAVIA samhliða næsta hönnunarfasa.
f	Lóð við bílastæði flugstjórnarmiðstöðvar Isavia skerðist töluvert – þarf að vinna í samstarfi við Isavia ANS.	Samkvæmt uppdrætti er verið að skerða austustu röð bílastæða við Flugstjórnarmiðstöð. Samráð við ISAVIA er hafið og verður skipulag götu óbreytt m.v. tillögu.
g	Þarf að liggja fyrir fullnægjandi útfærsla á tengingu nýrrar innkeyslu við núverandi akstursleiðir.	Samtal hefur átt sér stað við Isavia og gert verður ráð fyrir að nota innkeyslu við N50 og breyta aðkomu. Verður mögulega tengingu á framtíðar aðkomu merkt inn á aðliggjandi deiliskipulag - flugvallarins.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

8. Háskóli í Reykjavík og Grunnstoðir

	Ábendingar:	Svör
a	Borgarlína hefur áhrif á staðsetningu djúpgáma og lóðarfrágang við fyrirhugaðar byggingar á reit C.	Útfærsla er í skoðun hjá Verkefnastofu Borgarlínu og verður áfram í samtali við HR.
b	Gerð athugasemd við skort á samráði við lóðarhafa Nauthólsvegur 83 (L214254) sem skipulagið nær yfir.	Líkt og getið er um í athugasemd áttu sér stað ákveðin samskipti milli Reykjavíkurborgar og Kanón arkitekta ehf. í aðdraganda þess að deiliskipulagstillagan var samþykkt til auglýsingar. Í athugasemdinni er ítarlega farið yfir feril samskipta og funda. Líkt og kemur fram í svari frá Reykjavíkurborg dags. 28. október 2025 var tekin ákvörðun um að fara ætti með óbreytta tillögu til ákvörðunar og afgreiðslu, um samþykkt í auglýsingu, í umhverfis- og skipulagsráð og til samþykktar í borgarráði. Sýnt þótti að tímalína verkefnisins væri sú að betur stæði á að fara þessa leið. Í stað þess að vinna áfram í tillögunni m.t.t. þeirra úrbóta sem nefnd hafa verið hér að framanverðu. Áður hafði verið upplýst á fundi að þetta gæti orðið niðurstaða og sú leið sem yrði farin, þ.e. að skipulagstillagan yrði sett í lögformlegt auglýsingaferli og að þá væri hægt að gera athugasemdir við tillöguna með formlegum hætti.

c	Borgarlínan fer inn á byggingarreiti á Nauthólsvegi 83-89 – óskað eftir að henni verði færð til. Gangstétt of nálægt byggingarreitum – fjarlægð aðeins 0,6-1,4m, þarf að færa fjær.	Ekki er um það að ræða að Borgarlínan eða heildargötusnið hennar fari inn á þennan tiltekna byggingarreit, en vissulega er farið inn á lóð og er gangstétt nálægt byggingarreit. Mikil áskorun var að koma þessu vel fyrir þannig að ekki þyrfti að breyta byggingarreit eða gatnaradíus o.sfrv.
d	Athugasemd við staðsetningu siturlagnar – fullyrt er að ekki verði hægt að koma henni fyrir innan lóðar HR vegna Borgarlínu, líkt og Reykjavíkurborg hefur gert kröfu um.	Vegna breyttra forsenda sem fylgir þessari deiliskipulags áætlun er það ljóst að skoða þurfi þetta nánar. Áréttað er að siturlagnir eru tæknileg útfærsla veitulagna, sem fellur undir ábyrgð hönnuða framkvæmdar og leyfisveitenda (þ.m.t. byggingarfulltrúa og veitufyrirtækja), en ekki sem útfærsla í deiliskipulags áætlun.



Yfirferð athugasemda og svör við þeim

9. Isavia ANS

	Ábendingar:	Svör
a	Óljóst hver ber kostnað vegna breytinga á aðkomu að lóð Isavia ANS. Færsla öryggisgirðingar um lóð Isavia ANS – óskað eftir að fjármögnun Borgarlínu á kostnaði verði skýr.	Þar sem verið er að breyta aðkomum verður tengt inn á næstu núverandi aksturstengingu til að tryggja að áfram verði aðgengi að því svæði sem um ræðir. Þessar breytingar eru hluti af Borgarlínuframkvæmdinni og kostnaði við hana. Varðandi þessar breytingar á tengingum nálægt Flugstjórnarmiðstöðinni hefur verið og verður áfram samráð við Isavia ANS.
b	Gerð athugasemd við skort á afgreiðslu fyrri umsóknar (29. nóvember 2021) um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar fyrir Flugstjórnarmiðstöðina.	Áréttað er að samtal um breytingar á deiliskipulags áætlun vegna lóðar fyrir flugstjórnarmiðstöðina er hafið að nýju.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

10. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

	Ábendingar:	Svör
a	Tryggja aðgengi neyðarbíla að Borgarlínubrautum.	Neyðarbílar munu geta notað Borgarlínuakreinar. Aðgengi að Borgarlínuakreinunum er um öll gatnamót og auk þess verður skoðað í verkhönnun á hvaða öðrum stöðum á milli gatnamóta ætti og hægt er að búa til svæði þannig að neyðarbílar geti komist inn á og útaf þeim.
b	Óskýrt orðalag – þarf að vera skýrt að allir neyðarbílar (lögregla, sjúkrabílar, slökkvilið) hafi aðgang hvort sem þeir eru í forgangsakstri eða ekki.	Hefur verið uppfært Allir neyðarbílar (lögregla, sjúkrabílar, slökkvilið) mega nota Borgarlínuakreinar, hvort sem þeir eru í neyðarakstri eða ekki.
c	Hönnun stoppistöðva Borgarlínu þarf að tryggja að neyðarbílar festist ekki inni. Þegar tveir strætisvagnar stoppa samtímis við stöð, þarf neyðarbíll að komast framhjá.	Ef neyðarbíll í forgangsakstri kemur að stöð þar sem vagn er stopp báðum megin þá geta vagnarnir fært sig fram eða aftur til að hleypa bíl framhjá.
d	Götukantar við útkeyrslustaði af Borgarlínubrautum mega ekki vera of háir, svo neyðarbílar komist auðveldlega inn og út.	Verður útfært í næsta hönnunarfasa.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

11. Vegagerðin

	Ábendingar:	Svör
a	Hönnunargögn í skipulagi uppfylla ekki kröfur Vegagerðarinnar – þarf að lagfæra.	Vinnsla deiliskipulags byggist á fyrirliggjandi forhönnun fyrir Borgarlínuna. Ekki er tekið undir þessa staðhæfingu.
b	Gangandi og hjólandi vegfarendur þvera allar aðkomur að Nauthólsvegi – þarf að huga sérstaklega að öryggi þeirra. Beygjuradíusar við gatnamót eru of krappir – þarf að endurskoða útfærslu og sjónlengdir ekki skýrar – tryggja að ökumenn hafi fullnægjandi sýn á aðkomur.	Forgangsatriði Borgarlínuhönnunar er að tryggja öryggi og þægindi allra ferðamáta og gatnamót og gangstéttar verða hönnuð með það að leiðarljósi ásamt því að beygjuradíusar og sjónlengdir eru skoðaðar í for- og verkhönnun.
c	Liggur fyrir umferðaröryggismat? – Vegagerðin bendir á að það ætti að vera hluti af ferlinu. Fullyrt er að Borgarlína muni bæta umferðaröryggi – það er óvissa um þessa fullyrðingu, vantar mat á áhrifum.	Það liggur fyrir umferðaröryggismat á forhönnun Nauthólsvegar því þar er forhönnun lokið. Umferðaröryggisrýni er gerð á öllum hönnunarstigum Borgarlínu þ.e. frumdragastigi, forhönnun og verkhönnun.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

12. Íbúarráð Hlíðarhverfis

	Ábendingar:	Svör
a	Staðsetning Borgarlínustöðvar gæti verið betri – ráðið telur að hún ætti frekar að vera norðan við gatnamót Nauthólsvegur og Flugvallavegar.	Valkostagreiningar á fyrri stigum hafa leitt í ljós að þetta er ákjósanlegasti staðurinn fyrir stöð. Hafa verður í huga að mikil uppbygging er hafin og er áfram fyrirhuguð á Nauthólsvegi og því þarf að horfa á svæðið í heild sinni út frá því hvar næstu stöðvar eru staðsettar og að fjarlægðin á milli þeirra uppfylli kröfur BRT kerfa, sem Borgarlínan er. Fjarlægð á milli stöðva má ekki vera of löng og ekki of stutt.
b	Hlíðarendahverfi er án Borgarlínustöðvar þrátt fyrir þung umferð umhverfis það.	Gert er ráð fyrir að ásættanleg vegalengd að Borgarlínustöð sé allt að 400 m og þjónar stöð á þessum stað því einnig Hlíðarendakerfinu að mestu.
c	Almennt ánægja með Borgarlínuverkefnið.	Engin þörf á viðbrögðum.
d	Ef stöðin verður ekki færð, þarf að huga að betri tengingum frá stöðinni inn í hverfið, sérstaklega með tilliti til barna sem þurfa að komast á Valsvæðið án þess að þvera umferðarpungar götur.	Forgangsatriði Borgarlínuhönnunar er að tryggja öryggi og þægindi allra ferðamáta og gatnamót og gangstéttar verða hönnuð með það að leiðarljósi, svo börn sem þurfa að komast inn á Valsvæðið frá Borgarlínustöð eiga að hafa örugga gönguleið.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

13. Landssamtök hjólréiðamanna

	Ábendingar:	Svör
a	Hjólastígar tengdir Borgarlínu skulu hönnuð samkvæmt <i>Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréiðar</i> frá 2019 eða nýrri útgáfu. Hjólandi eiga ekki að þurfa að taka krappar beygjur eða sveigjur til að komast yfir gatnamót. Þveranir skulu vera beinar og greiðar líkt og fyrir akandi umferð.	Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréiðar er fylgt við hönnun stíga í Borgarlínuverkefninu og hugað að þægindum fyrir hjólandi vegfarendur eins og hægt er.
b	Hjólastæði þurfa að vera á öllum Borgarlínustöðvum, jafnvel með hleðslutengjum fyrir rafhjól.	Gert er ráð fyrir að hjólastæðum í nálægð við allar stöðvar, annað hvort verður þeim komið fyrir í göturýminu, þar sem það er hægt, eða að sveitarfélagið kemur þeim fyrir í nálægð við stöðvarnar.
c	Leigurafhlaupahjól skapa vandamál – þörf á skilgreindum stöðum til að leggja þeim. Sveitarfélögin þurfa að vinna að lausn með leigufyrirtækjum um staðsetningu rafhlaupahjólastaða, m.a. við Borgarlínustöðvar, skóla, verslanir og þjónustu. Í sumum tilfellum ætti að taka bílastæði úr götuplani og nota fyrir reiðhjóla- og rafskútustæði	Eftirfarandi ábendingu verður komið á framfæri.





Yfirferð athugasemda og svör við þeim

14. Minjastofnun Íslands


	Ábendingar:	Svör
a	Bætt við upplýsingar um fornleifaskráningu í greinargerð deiliskipulags. Bæta við staðsetningu járnbrautar á skipulagsuppdráttinn.	Umfjöllun í greinargerð um fornleifaskráningu hefur verið uppfærð. Friðhelgi fornleifa var þó ekki bætt við inn á skipulagsuppdrátt eins og beðið var um en í greinargerð var bætt við skýringarmyndum.
b	Leiðréttu skýringartexta á skipulagsuppdraetti – „Heimild um fornleifar“ í stað „Heimild um minjar“.	Hefur það verið leiðrétt
c	Æskilegt að sýna staðsetningu herminja á skipulagsuppdraetti með bláum lit.	Bætt hefur verið við nr. minja og fornleifa á uppdráttinn en ekki breytt lit á uppdraetti.
d	Tryggja að vatnsgeymir frá 1944 verði girtur af á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir skemmdir.	Hefur því verið bætt við í greinargerð í kafla 3.2.3 - Menningarminja. <i>Steyptur vatnsgeymir (220-118) þarf að girða af á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir skemmdir af vangá.</i>

e Fornleifafræðingur skal hafa eftirlit við jarðrask á svæði þar sem erfðafestubýlið Haukaland var staðsett.

Ef fornleifar finnast skal hafa samband við Minjastofnun áður en framhaldið er ákveðið.

Hefur því verið bætt við í greinargerð í kafla 3.2.3 – Menningarminjar, og skýringarmynd sem sýnir nánar friðhelgaðsvæði.

Ekki er hægt að útiloka að fornleifar finnast á svæði þar sem erfðafestubýlið, Haukaland var staðsett og verður fornleifafræðingur að hafa framkvæmdareftirlit á því svæði að ósk Minjastofnunar, sem nemur 15 metra út frá ystu mörkum. Sjá 15 m friðhelgi á mynd mynd 3:5. Ef komið er niður á minjar, að fornleifafræðingur telur ástæðu til að stöðva framkvæmd, ber að hafa samband við Minjastofnun varðandi framhald verksins, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.





Niðurstaða umsagnar

Við kynningu á deiliskipulagstillögu bárust fjölbreyttar athugasemdir og umsagnir frá stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Fjallað var m.a. um aðgengi að lóðum, skipulagsmörk, umferðaröryggi, hjólastíga, áhrif á grænt svæði og vernd menningarminja.

Almenn ánægja kom fram með verkefnið, en jafnframt ábendingar um atriði sem þörf er á að útfæra nánar í framhaldinu. Nokkrum athugasemdum hefur verið mætt með uppfærslu eða leiðréttingum í greinargerð og skipulagsgögnum. Aðrir þættir verða teknir til frekara mats á næsta stigi, s.s. í verkhönnun og samráði við viðeigandi aðila.

Öllum athugasemdum hefur verið svarað í samræmi við lög og reglur og verður áfram unnið í nánú samtali við hagaðila eftir því sem þörf krefur.



Reykjavík




Afgreiðsla

Lagt er til að uppfærð deiliskipulagstillaga ásamt greinagerð dags. 18. júní verði samþykkt.




Auglýst Tillaga
dags. 23. september 2024






Auglýst Tillaga
dags. 23. september 2024





Auglýst Tillaga
dags. 23. september 2024





Uppfærð Tillaga

dags. 18. júní 2025

REYKJAVÍKURBORG DEILISKIPULAG BORGARLÍNU


1. LOTA FRÁ ARNARHLÍÐ AÐ HR



Abalskipulag Reykjavíkur 2040

SKÝRINGAR

- Skulagæmörk eftirlitandi deiliskipulagsstafans
- Skulagæmörk Borgarlínu
- Borgarlínustöð
- Heiti stöðva



REYKJAVÍKURBORG DEILISKIPULAG BORGARLÍNU			
SKÝRINGARUPPFRÁTTUR			
NÚMÉR 1:2000 (A1)	DAGSETNING 12/06/2024	ÚTGAFA 18/06/2025	TEIÐING 30
YRKI arkitektar		VERK NÚL. TEIÐNAD RÉNI	LV113 GÁFAD YK0
Í samráði með Arnló, Góðleik Puldan Architects og Heit			